

Sp.

249. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Starfshættir nefnda Alþingis eru markaðir í lögum um þingsköp Alþingis, nr. 52/1985. Samkvæmt lögum þessum fellur umboð allra nefnda þingsins annarra en utanríkismálanefndar niður frá og með þinglausnum að vori og þar til nefndir hafa verið kjörnar á haustþingi. Frá vori til hausts er fjárveitinganefnd Alþingis, svo sem allar aðrar nefndir þingsins aðrar en utanríkismálanefnd, ekki til.

Vegna ört vaxandi viðfangsefna fjárveitinganefndar hefur þó sá háttur verið hafður á um allmörg ár að nefndarmenn hafa starfað yfir sumartímann sem fjárveitinganefnd væri þótt þingskapalög gefi nefndarmönnum ekkert umboð til slíkra starfa. Hefur þetta reynst nauðsynlegt vegna vinnu að undirbúningi fjárlagaafgreiðslunnar. Svokölluð „undirnefnd fjárveitinganefndar“, þ.e. eins konar starfshópur á vegum nefndarinnar skipaður einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, hefur unnið mikinn hluta þessarar undirbúningsvinnu. Ef þetta starf færi ekki fram væri ekki unnt að ljúka þeim viðamiklu störfum, viðtölum og athugunum, sem gera þarf svo að fjárlög fái afgreidd á tilsettum tíma. Eftir umræður um starfshætti við fjárlagagerð, sem átt hafa sér stað í fjárveitinganefnd, eru það því einróma tilmæli nefndarinnar til formanna þingflokka og forseta þingsins að þær breytingar verði gerðar á þingskapalögum sem heimili að fjárveitinganefnd geti starfað allt árið um kring og unnið að undirbúningi fjárlagaafgreiðslu með þeim hætti sem nauðsynlegur er og hefð hefur

nú þegar skapast um. Er ekki vansalaust að þingskapalög skuli ekki heimila þá starfshætti þingnefnda sem brýn nauðsyn er á að viðhafa og hefð hefur komist á um.

Með samþykkt laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, var stofnunin sett undir beina stjórn Alþingis og er hún því orðin hluti af starfsemi löggjafarstofnunarinnar. Þetta mun hafa í för með sér mikla möguleika fyrir Alþingi til þess að bæta vinnubrögð og styrkja stöðu löggjafarstofnunarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu þannig að Alþingi geti í auknum mæli lagt eigið mat á tillögur og aðgerðir framkvæmdarvaldsins ekki hvað síst á vettvangi fjárlagagerðar. Alþingi fær nú í fyrsta sinn beinan aðgang að sérstakri stofnun, sem hefur yfir að ráða mannafla með sérfræðipækkingu á rekstrarlegum viðfangsefnum og gerir það Alþingi fært að stórauka eftirlitshlutverk sitt. Er einkar þýðingarmikið bæði að þetta tækifæri sé notað og einnig ekki síður *hvernig* það er notað. Hlýtur þessi starfsemi að mótast mjög af þeim starfsháttum í samvinnu Alþingis og ríkisendurskoðunnar, sem mótaðir verða nú á fyrstu árunum eftir umrædda lagabreytingu.

Hjá fjárveitinganefnd er eðlilega mikill áhugi á að nota þetta tækifæri til þess að stórbæta vinnubrögð við fjárlagaafgreiðsluna. Formaður nefndarinnar ræddi þessi mál strax í haust við ríkisendurskoðanda og vararíkisendurskoðanda og náðist samkomulag um að vararíkisendurskoðandi mundi starfa með nefndinni við fjárlagaundirbúninginn og Ríkisendurskoðun veita fjárveitinganefnd þá aðstoð og fyrirgreiðslu sem nefndin kynni að óska eftir. Hefur þetta samstarf gengið vel í vetur og orðið nefndinni til mikillar hjálpar við nefndarstörfin. Á fyrsta fundi sínum samþykkti nefndin einnig nokkrar breytingar á starfsháttum sem flestar hafa gefist vel.

Er það ætlun nefndarinnar að halda áfram umfjöllun sinni um bætt vinnubrögð og betri starfsaðstöðu við fjárlagaumfjöllunina og má búast við því að fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu hafi fleiri slíkar breytingar þegar komið til framkvæmda. Eigi skiptir minna máli sá þáttur í starfsemi fjárveitinganefndar sem lýtur að því eftirlitshlutverki sem nefndin á og verður að hafa. Til þess að geta lagt eigið raunhæft mat á tillögur ríkisstjórnar, stofnana og annarra aðila um fjárveitingar á fjárlögum þarf fjárveitinganefnd auðvitað að geta lagt eigið mat á hvort áætlanir sem fyrir nefndina eru lagðar séu raunhæfar til stuðnings slíkri tillögugerð og eins á nefndin að hafa sjálfstætt eftirlit með því að ákvarðanir Alþingis við fjárlagagerðina séu virtar. Þetta eftirlitshlutverk fjárveitinganefndar þarf að stórefla og gefst nú tækifæri til þess með samstarfi hennar við ríkisendurskoðun. Samstarf fjárveitinganefndar við Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur verið gott eins og jafnan áður. Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á því samstarfi af hálfu fjárveitinganefndar nema þá þær sem gætu horft til batnaðar og líklegar væru til að styrkja það góða samstarf.

Vegna þeirra aðstæðna, að þingskosningar höfðu rofið umboð þess þings sem sat á síðasta kjörtímabili og sumir, sem þá höfðu setið í fjárveitinganefnd, voru ekki á þingi lengur, var gripið til þess ráðs að fjármálaráðherra skipaði sérstaka nefnd fulltrúa úr öllum þingflokkum til þess að vinna það undirbúningsstarf sem „undirnefnd fjárveitinganefndar“ hafði áður unnið. Þessi sérstaka nefnd hóf störf þann 16. september og starfaði til þess að þing kom saman. Á fund þessarar nefndar komu forráðamenn 13 sjúkrahúsa, sem komu í fyrsta sinn inn á „föst fjárlög“ í fyrra eða árið þar áður, og einnig ræddi nefndin við forráðamenn 60 sveitarfélaga og tók við erindum þeirra. Fjárveitinganefnd kom svo saman til fundar strax eftir að hún hafði verið kjörin og hélt áfram undirbúningsstörfum að fjárlagagerð. Alls komu 250 aðilar á fund fjárveitinganefndar og starshópa á hennar vegum en erindi, sem nefndinni bárust, voru um 520 talsins. Í sumum erindunum var fjallað um mörg viðfangsefni þannig að viðfangsefni, sem til nefndarinnar var beint, voru mun fleiri. Samtals nema breytingartillögur fjárveitinganefndar við 2. umræðu 1.062.233 þús. kr. og greinast þær á eftirfarandi hátt:

Eftir hagrænu eðli.

	Pús. kr.	%	Stöðugildi
Launakostnaður	71 034	6,7	17
Annar rekstur	450 484	42,4	
Stofn- og viðhaldskostnaður	540 715	50,9	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Alls	1 062 233	100,0	17

Skipt eftir uppruna erinda.

	Pús. kr.	%
Verðlags- og launaleiðréttingar o.fl.	120 097	11,3
Samkvæmt tilmælum ríkisstjórnar	657 200	61,9
Aðrar afgreiðslur nefndarinnar	284 936	26,8
	<hr/>	<hr/>
Alls	1 062 233	100,0

Tölur í pús. kr.	Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1988				Breytingar á frumvarpi	
	Gjöld samtals	Sértekjur	Mismunur	% af heild	Fjár- hæð	Breyt. frá frumvarpi
Æðsta stjórn ríkisins	483 291	660	482 631	0,8%		
Forsætisráðuneyti	267 520	52 309	215 211	0,4%	800	0,4%
Menntamálaráðuneyti	10 536 257	431 730	10 104 527	17,0%	223 979	2,2%
Utanríkisráðuneyti	674 971	17 680	657 291	1,1%	21 140	3,2%
Landbúnaðarráðuneyti	1 888 662	114 440	1 774 222	3,0%	303 700	17,1%
Sjávarútvegsráðuneyti	1 042 903	64 780	978 123	1,6%	17 420	1,8%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 269 423	160 795	3 108 628	5,2%	10 400	0,3%
Félagsmálaráðuneyti	3 117 415	194 400	2 923 015	4,9%	13 039	0,4%
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	25 831 997	1 105 860	24 726 137	41,5%	184 155	0,7%
Fjármálaráðuneyti	2 831 716	241 720	2 589 996	4,4%		
Samgönguráðuneyti	4 758 889	437 920	4 320 969	7,3%	230 800	5,3%
Iðnaðarráðuneyti	1 180 070	143 190	1 036 880	1,7%	56 800	5,5%
Viðskiptaráðuneyti	1 682 224	5 240	1 676 984	2,8%		
Hagstofa Íslands	91 121	15 100	76 021	0,1%		
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	4 865 003		4 865 003	8,2%		
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	62 521 462	2 985 824	59 535 638	100,0%	1 062 233	1,8%

Yfirlit um breytingar á útgjaldaflökkum frumvarpsins.

Fjárhæðir í m.kr.	Frumvarp fram lagt	Frumvarp v/2. umr.	Frávik	%
Launagjöld	20 229,4	20 300,5	71,1	0,5
Önnur rekstrargjöld	33 591,6	34 038,7	447,1	1,3
Sértekjur	<2 966,2>	<2 962,8>	3,4	<0,1>
Samtals rekstrar- og tilfærslugjöld	50 854,8	51 376,4	521,6	1,0
Stofnkostnaður og viðhald	8 680,8	9 221,5	540,7	6,2
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Alls	59 535,6	60 597,9	1 062,3	1,8
				105*

Hér á eftir koma skýringar við tillögur fjárveitinganefndar um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins en til 3. umræðu bíður tekjuhlið frumvarpsins, B-hluta stofnanir, heimildir skv. 6. grein auk nokkurra annarra atriða.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

- 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur gjöld hækka samtals um 800 þús. kr. Viðfangsefnið 5.20 Stjórnarráðshús, viðhald, hækkar um 200 þús.kr., og verður 2.100 þús. kr., sem ætlað er til að ljúka lóðarframkvæmdum og viðgerð á girðingu. Viðfangsefni 5.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald, hækkar um 600 þús. kr. og verður 1.800 þús. kr. Hækkunin er vegna eldvarnakerfis.

02 Menntamálaráðuneyti

- 201 Háskóli Íslands: Nýr liður, 1.04 Rannsóknir í kvennafræðum, verður 1.250 þús. kr. Laun ýmissa deilda Háskóla Íslands hækka samtals um 10.484 þús. kr. sem er leiðrétting vegna launasamninga. Vísað er til breytingartillagna um frekari skiptingu milli deilda. 60% staða æfingastjóra við félagsvísindadeild Háskólans er gerð að heilli stöðu en stundakennsla lækkar sem því nemur. Þetta hefur því ekki kostnaðarauka í för með sér.
- 202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum: Launakostnaður hækkar um 1.600 þús. kr. vegna nýrrar stöðu meinafræðings.
- 205 Stofnun Árna Magnússonar: Launagjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 18.892 þús. kr. sem kemur til vegna tímabundinnar ráðningar ljósmyndara í hálf ár.
- 206 Orðabók Háskólans: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og fer það til greiðslu útgáfukostnaðar vegna orðsifjabókar eftir Ásgeir Blöndal Magnússon.
- 319 Framhaldsskólar, almennt: Framlag hækkar um 3.000 þús. kr. og fer til uppgjors við framhaldsskóla í samrekstri ríkisins og sveitarfélaga.
- 321 Kennaraháskóli Íslands: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 35.950. Þetta er ætlað til námskeiðahalds fyrir stjórnendur skóla. Viðfangsefnið 6.01 Endurbætur og tækjakaup hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru 600 þús. kr. til viðgerðar og endurbóta í gamla skólahúsinu og 1.000 þús. kr. til lagfæringar á lóð.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Teknir eru upp nýir liðir. 5.01 Viðhald íþróttavalla o.fl., 1.000 þús. kr., og 6.01 Kennslutæki, 3.000 þús. kr. Á móti kemur að viðfangsefnið 6.50 Nýbygging og tækjakaup lækkar um 1.800 þús. kr. og verður 8.000 þús. kr.
- 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Framlag til íþróttahúss Fjölbrautaskólans í Breiðholti hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 17.300 þús. kr.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Nýr liður: 6.02 Mötuneyti, nýbygging, 5.000 þús. kr.
- 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Framlag vegna uppgjors hækkar um 600 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.
- 359 Verkmenntaskóli á Akureyri: Framlag til nýbyggingar hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 22.200 þús. kr.
- 506 Vélskóli Íslands: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.90 Tækjakaup er verður 500 þús. kr.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík: Viðfangsefnið 5.01 Fasteignir hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 6.200 þús. kr. Framlag þetta er ætlað til endurnýjunar hitakerfis skólahússins. Gert er ráð fyrir jafnháu framlagi frá borgarsjóði.

- 515 Iðnnám, almennt: Tekinn er inn nýr liður 6.90 Iðnskólar almennt 2.000 þús. kr. og er 1.300 þús. kr. ætlað til Iðnskólans í Hafnarfirði en 700 þús. kr. til skipulagsmála vegna iðnmenntunar á Ísafirði.
- 603 Héraðsskólinn Reykjanesi: Viðfangsefnið 1.01 Héraðsskólinn Reykjanesi hækkar um 3.630 þús. kr. og verður 7.218 þús. kr. Viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla hækkar um 2.400 þús. kr. og verður 5.623 þús. kr. Sértekjur hækka um 280 þús. kr. í 570 þús. kr.
- 607 Héraðsskólinn Laugarvatni: Viðfangsefnið 1.01 Héraðsskólinn Laugarvatni hækkar um 2.890 þús. kr. og verður 5.787 þús. kr. Viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla hækkar um 1.740 þús. kr. og verður 4.184 þús. kr. Sértekjur hækka um 260 þús. kr. í 520 þús. kr.
- 610 Héraðsskólar almennt: Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 8.300 þús. kr. og verður 26.200 þús. kr.
- 701 Grunnskólar, Reykjanesi: Tilfærslur hækka um 970 þús. kr. og verða 3.340 þús. kr. Er hér um að ræða stöðu sálfræðings frá og með byrjun næsta skólaárs og leiðréttingu á framlagi vegna nemendafjölda.
- 703 Grunnskólar, Vesturlandi: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 245 þús. kr. og verða 1.475 þús. kr.
- 704 Grunnskólar, Vestfjörðum: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 190 þús. kr. og verða 1.140 þús. kr.
- 705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 200 þús. kr. og verða 1.220 þús. kr.
- 706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 295 þús. kr. og verða 1.775 þús. kr.
- 707 Grunnskólar, Austurlandi: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 225 þús. kr. og verða 1.355 þús. kr.
- 708 Grunnskólar, Suðurlandi: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda og staða sálfræðings frá miðju ári. Tilfærslur hækka um 765 þús. kr. og verða 2.095 þús. kr.
- 720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefnið 1.90 Grunnskólar, óskipt hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 6.070 þús. kr. og er hækkunin til varasjóðs vegna fjölgunar bekkjardeilda o.fl.
- 730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.: Framlag hækkar um 135.215 þús. kr. og verður 335.215 þús. kr. Vísað er í sérstakt yfirlit í breytingartillögum um sundurliðun á einstök verkefni.
- 750 Skólar fyrir proskaheft börn: Viðfangsefnið 1.40 Dagvist forskólabarna hækkar um 715 þús. kr. vegna stöðu talkennara.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Styrkur til útgáfustarfa, Viðfangsefni 1.15 hækkar um 150 þús. kr. og verður 1.760 þús. kr.
- 901 Landsbókasafn Íslands: Launagjöld hækka um 800 þús. kr. vegna stöðu bókavardar frá 1. apríl.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. sem er sérstakt framlag til kynningar og upplýsingastarfsemi á vegum safnsins.
- 982 Listir, framlög: Tilfærslur lækka um 1.100 þús. kr. og verða 136.910 þús. kr. Skýrist það af eftirfarandi:
- a. 1.15 Þýðingarsjóður hækkar um 300 þús. kr. og verður 3.810 þús. kr.
 - b. 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga hækkar um 200 þús. kr.
 - c. 1.25 Leiklistarráð lækkar um 1.800 þús. kr. vegna skekkju í frumvarpi og verður 200 þús. kr.
 - d. 1.26 Alþýðuleikhúsið hækkar um 600 þús. kr.

- e. 1.33 Íslensk tónverkamiðstöð hækkar um 200 þús. kr.
 - f. 1.45 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hækkar um 800 þús. kr.
 - g. 1.81 Leikfélög, skuldagreiðslur lækkar um 1.400 þús. kr.
- 984 Norræn samvinna: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.22 Norræn atvinnumiðlun 400 þús. kr. og er þetta hluti af launum starfsmanns.
- 988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 740 þús. kr. og verða 11.180 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:
- a. 1.13 Bandalag íslenskra skáta hækkar um 250 þús. kr.
 - b. 1.14 Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfjótsvatns hækkar um 220 þús. kr.
 - c. 1.16 Íslenskir ungtemplarar hækkar um 270 þús. kr.
- 989 Ýmis íþróttamál: Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni: 1.14 Handknattleikssamband Íslands vegna heimsmeistaramóts á Íslandi árið 1994 500 þús. kr. og liðurinn 1.16 Íþrótt- og æskulýðsheimili, styrkir 15.000 þús. kr. sem er til stuðnings við framkvæmdir á vegum íþróttafélaga. Fjárveitinganefnd mun fyrir 3. umræðu gera tillögu um hvernig lið þessum skuli skipt að höfðu samráði við íþróttfulltrúa ríkisins. Framlag til ólympíunefndar fatlaðra, liður 1.12, hækkar um 310 þús. kr. Tilfærslur hækka alls um 15.810 þús. kr. og verða 46.300 þús. kr.
- 999 Ýmislegt: Tilfærslur hækka um 3.625 þús. kr. og verða 30.345 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 1.50 Landssamband hjálparseita skáta 150 þús. kr., 1.60 Evreka 2.600 þús. kr., 1.70 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur 110 þús. kr., 1.71 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur 120 þús. kr., 1.90 Söfn, styrkir 415 þús. kr., 1.93 Kvenfélagasamband Íslands 80 þús. kr. og 1.98 Félög, styrkir 150 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

- 312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf: Launagjöld hækka um 1.140 þús. kr. og verða 18.169 þús. kr. Um er að ræða nýja stöðu bifreiðastjóra og aðstoðarmanns.
- 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Tilfærslur hækka um 20.000 þús. kr. og verða 40.000 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

- 171 Jarðeignir ríkisins, framlög: Tilfærslur hækka um 5.000 þús. kr. og verða 16.500 þús. kr.
- 201 Búnaðarfélag Íslands: Viðfangsefnið 1.20 Ráðunautar hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 26.136 þús. kr. Viðfangsefni 1.30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 20.345 þús. kr.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Teknir eru inn tveir nýir liðir: 1.90 Tilraunastöðvar, óskipt 8.000 þús. kr. og 6.82 Stóra-Ármót, fjósbygging 3.000 þús. kr. Fyrirnefndi liðurinn, Tilraunastöðvar, óskipt, skiptist af fjárveitinganefnd í byrjun næsta árs að fengnum tillögum landbúnaðarráðuneytisins. Viðfangsefnið 6.85 Tilraunastöðin Möðruvöllum, stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.
- 243 Sauðfjárveikivarnir: Tilfærslur hækka um 145.000 þús. kr. og verða 238.823 þús. kr.
- 246 Veidimálastofnunin: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Veidimálastofnunin hækkar um 1.500 þús. kr. vegna lækkunar sértekna. Viðfangsefnið 1.40 Laxeldisstöðin í Kollafirði hækkar um 7.700 þús. kr. og verður 11.240 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 1.700 þús. kr. eru vegna afborgana lána vegna nýs húss en 6.000 þús. kr. vegna samnorræns verkefnis.
- 247 Yfirdýralæknir: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.40 Dýralæknir loðdýra, 1.000 þús. kr. og hækka launagjöld sem því nemur.

- 272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey: Tilfærslur hækka um 1.000 þús. kr. og verða 2.150 þús. kr.
- 288 Jarðræktarlög, framlög: Tekinn er inn nýr liður, 1.20 Framlög til búnaðarsambanda, 9.000 þús. kr. Viðfangsefnið 6.20 Jarðræktarframlög o.fl. hækkar um 41.000 þús. kr. og verður 141.000 þús. kr.
- 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 63.000 þús. kr. og verða 549.000 þús. kr.
- 291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973: Framlag hækkar um 9.000 þús. kr. og heildarframlag til búfjárræktar verður því 25.711 þús. kr.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.22 Ýmis verkefni hækkar um 1.000 þús. kr. og er ætlað til stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Viðfangsefnið 1.24 Gunnarshús Skriðuklaustri hækkar um 2.000 þús. kr., verður 4.300 þús. kr., og er því fé ætlað til viðgerða á þaki og gluggum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

- 202 Hafrannsóknastofnun. Tekinn er inn nýr liður 1.50 Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands og verður 4.200 þús. kr. Viðhaldsverkefni hækka samtals um 3.000 þús. kr. og verða 20.200 þús. kr. Um skiptingu milli verkefna er að öðru leyti vísað til breytingartillagna.
- 299 Sjávarútvegsból, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.21 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur hækkar um 220 þús. kr., verður 9.555 þús. kr., og hækka tilfærslur sem því nemur. Framlagið er ætlað til stuðnings við rekstur skólaskips í Vestmannaeyjum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

- 243 Vinnuhælið Kvíabryggju: Tekinn er inn nýr liður 6.10 Umhverfisbætur 500 þús. kr.
- 251 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefnið 1.30 Fluggæsla hækkar um 5.650 þús. kr. og verður 110.184 þús. kr. Þar er um að ræða laun tveggja þyrluflugmanna, 4.400 þús. kr., og kostnaður vegna aukinna flugstunda, 1.250 þús. kr.
- 301 Biskup Íslands: Viðfangsefnið 1.10 Æskulýðsstarf hækkar um 250 þús. kr. og er til stuðnings við æskulýðsstarf safnaða á Vestfjörðum.
- 303 Prestaköll og prófastsdæmi: Viðfangsefnið 6.20 Byggingar á prestssetrum hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 11.200 þús. kr. Viðbótarframlag þetta rennur til byggingar prestsseturs í Bjarnarnesi.
- 304 Ýmis kirkjuleg málefni: Framlag á lið 6.52 Hóladómkirkja er hækkað um 2.000 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

07 Félagsmálaráðuneyti

- 700 Málefni fatlaðra: Viðfangsefnið 1.80 Starfsþjálfun lækkar um 20 þús. kr. en á móti kemur inn nýr liður, 1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra, 1.400 þús. kr. og er því hækkunin til þessara málaflokka samtals 1.380 þús. kr.
- 707 Málefni fatlaðra, Austurlandi: Tekinn er inn nýr liður, 1.60 Proskapþjálfun, Höfn Hornafirði, 1.000 þús. kr. og hækka launagjöld sem því nemur.
- 981 Vinnumál: Viðfangsefnið 1.90 Ýmislegt hækkar um 4.609 þús. kr., verður 25.379 þús. kr., og 2.000 þús. kr. af þeirri upphæð er vegna endurvinnslu staðla í byggingariðnaði.
- 999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Framlög til 1.30 Sjómannastofur hækka um 100 þús. kr. og verða 600 þús. kr. Tilfærslur á lið 1.31 Félagasamtök, styrkir hækka um 1.950 þús. kr. og verða 8.150 þús. kr. Viðfangsefnið 1.32 Starfsmenntun í atvinnulífinu hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Um er að ræða tilfærslur vegna fata- og vefjariðnaðar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

- 327 Geislavarnir ríkisins: Önnur gjöld hækka um 700 þús. kr. vegna skuldbindinga gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Tekinn er inn nýr liður, 6.01 Tækjakaup, 2.500 þús. kr.
- 355 Héraðshæli Austur-Húnavetninga, Blönduósi: Launagjöld hækka um 2.000 þús. kr. vegna leiðréttingar.
- 358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Önnur gjöld hækka um 600 þús. kr. vegna kostnaðar við athugun á framtíðarnýtingu eldra húsnæðis.
- 359 Sjúkrahúsið Húsavík: Launagjöld hækka um 1.500 þús. kr.
- 360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði: Launagjöld hækka um 1.800 þús. kr. vegna leiðréttingar.
- 365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi: Launagjöld hækka um 4.000 þús. kr. vegna leiðréttingar.
- 367 Sjúkrahúsið Keflavík: Vegna leiðréttingar hækka önnur gjöld um 7.000 þús. kr.
- 371 Ríkisspítalar: Viðfangsefnið 1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild hækkar um 11.400 þús. kr. og verður 1.807.094 þús. kr. Hækkunin er vegna þriggja nýrra stöðugilda sjúkraliða á Kristnesspítala og vegna hjartaaðgerða. Launagjöld á þjónustudeildum hækka um 4.200 þús. kr. vegna stöðubreytinga og vegna 0.27 stöðu sérfræðings. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 13.000 þús. kr. og er ætlað til tækjakaupa.
- 372 Borgarspítalinn: Launagjöld hækka um 8.000 þús. kr. vegna sex nýrra stöðugilda á Arnarholti. Viðfangsefnið 5.01 Viðhald, óskipt hækkar um 8.000 þús. kr. sem ætlaðar eru til greiðslu kostnaðar vegna eldvarnakerfis. Gert er ráð fyrir að sinna megi þessu verkefni á þremur árum. Tekinn er inn nýr liður, 6.02 Bygging B-álmú, 9.000 þús. kr.
- 377 Sjúkrahús, almennt: Nýr fjárlagaliður 50.000 þús. kr. Þessum lið er ætlað að vera til ráðstöfunar við uppgjör til sjúkrahúsa á föstum fjárlögum vegna hugsanlegs rekstrarhalla ársins 1987.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tilfærslur á viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækka um 54.800 þús. kr. og verða 214.800 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartillögum um skiptingu á einstök verkefni.
- 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.35 Hjartavernd, Mónica-rannsóknir hækkar um 860 þús. kr. og verður 2.500 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 1.80 Sjúkraflug 2.000 þús. kr. og hækka tilfærslur sem því nemur. Fjárveiting þessi er ætluð til þátttöku í kostnaði við bakvaktir vegna sjúkraflugs enda liggi fyrir kostnaðarþátttaka sveitarfélaga. Heilbrigðisráðuneytið tekur við umsóknum um styrki skv. þessum fjárlagalið og afgreiðir þær.
- 471 Gæsluvistarsjóður: Framlag til Verndar hækkar um 200 þús. kr. og verður 1.350 þús. kr. og er ætlað til reksturs Laugateigs 19.
- 481 Bindindisstarfsemi: Viðfangsefnið 1.10 Áfengisvarnir hækkar um 2.595 þús. kr. og er ætlað til reksturs áfengisvarnaráðs. Samtals er því ætlað til áfengisvarna 4.547 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti

- 211 Vegagerð ríkisins: Viðfangsefnið 6.10 Nýframkvæmdir hækkar um 50.000 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur. 20.000 þús. kr. af þessari hækkun renna sem sérstakt framlag til jarðgangagerðar í Ólafsfjarðarmúla.
- 333 Hafnamál: Tilfærslur á viðfangsefni 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækka um 148.500 þús. kr. og verða 398.500 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í yfirliti með breytingartillögum. Tekinn er inn nýr liður, 6.51 Landshöfn Rifi, 4.000 þús. kr. og er það skuldagreiðsla.

- 341 Siglingamálastofnun ríkisins: Viðfangsefnið 1.01 Siglingamálastofnun ríkisins hækkar um 12.670 þús. kr. og verður 72.126 þús. kr. Sértekjur lækka um 1.938 þús. kr. eða úr 13.820 þús. kr. í 11.882 þús. kr.
- 485 Ýmis framlög:
- a. Nýr liður 1.03 Björgunarþúnaður Sigmunds 150 þús. kr.
 - b. Tilkynningarskylda íslenskra skipa hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 7.030 þús. kr.
 - c. Nýr liður 1.23 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip 3.500 þús. kr.
 - d. Framlag til norrænna jarðskjálftarannsóknna á Suðurlandi hækkar um 3.092 þús. kr. og verður 3.672 þús. kr.
 - e. Viðfangsefnið 1.26 Ýmislegt hækkar um 700 þús. kr.
 - f. Tekinn er upp nýr liður, Öryggismálaskóli sjómanna, 10.000 þús. kr.
- 651 Ferðamálaráð: Viðfangsefnið 1.01, Önnur gjöld, hækkar um 900 þús. kr. og er ætlað til útgáfu upplýsingabæklinga o.fl. Tekinn er inn nýr liður 6.30 Hönnun ferðamanna- aðstöðu við Gullfoss 200 þús. kr.
- 652 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefnið 1.70 Veðurþjónusta vegna millilandaflugs hækkar um 1.550 þús. kr. og verður 42.273 þús. kr. Um er að ræða launakostnað vegna veðurathugana á Galtavita og Hjarðarnesi, sem féll niður í frumvarpi, en er í samræmi við samkomulag við Alþjóðaflugmálastofnunina.
- 656 Landmælingar Íslands: Viðfangsefnið 1.01 Landmælingar Íslands hækkar um 2.000 þús. kr. vegna lækkunar sértekna.

11 Iðnaðarráðuneyti

- 201 Iðntæknistofnun Íslands: Viðfangsefni 1.90 Iðntæknistofnun Íslands, tilfærslur hækka um 1.000 þús. kr. og verða 57.260 þús. kr. Um er að ræða framlag vegna vinnu- vélanámskeiða.
- 221 Lánasjóðir iðnaðarins: Við bætist nýr fjárlagaliður, 6.20 Iðnlánasjóðir, með 25.000 þús. kr. framlagi.
- 299 Iðja og iðnaður, framlög: Teknir eru inn þrjú nýir liðir: 1.15 Alþjóðastaðlar CEN og CENELEC 5.700 þús. kr., 1.27 Iðnráðgjafar 9.600 þús. kr. og 1.30 Evreka 11.000 þús. kr.
- 301 Orkustofnun: Viðfangsefnið 1.10 Sérverkefni tengt fiskeldi hækkar um 4.500 þús. kr. og verður 17.100 þús. kr. Hækkunin er ætluð til rannsókna varðandi fiskeldi við Öxarfjörð.

Fjárveitinganefnd, meiri og minni hluti, hefur unnið að framanritaðri tillögugerð og stendur nefndin öll sameiginlega að þeim tillögum. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd, þau Margrét Frímansdóttir, Óli P. Guðbjartsson og Málmfríður Sigurðardóttir, hafa fyrirvara um að flytja breytingartillögur eða styðja þær sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1987.

Sighvatur Björgvinsson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Alexander Stefánsson.

Ólafur P. Þórðarson.

Fríðjón Þórðarson.

Egill Jónsson.